svarad 20/8 sent í skjóðu
med Indriða dótid

Flatey, 28 Júlí 1859.

Astkæri bezti Addni minn!

Eg þakka þér nú kærlega fyrir góða bréfið þitt frá 16 Mai einsog allt annad gott. Mér er valla mögulegt ad þakka þér fyrir allt sem þú gafst mér einsog eg á ad gjöra, en eg skal (ætíð) reyna ad audsýna mig þakkláta fyrir alt þad góda sem þú hefur gjört mér í ordi og verki bædi seint og snemma. – Þú veit alltum ferdina okkar hún systir mín skrifadi þér þad, eg hélt nú annars ad vid myndum fara en nú verda bréfin ad fara í okkar stad. Kjöllinn sem þú ætlar ad bestilla fyrir mig vildi eg helzt ad væri svartur einsog hún systir mín líka sagdi ad sér þækti hentast, þad á líka bezt vid ad vera í svörtum kjól til altaris og til annars ætla eg ekki ad hafa hann því hér þarf madur ekki svo opt ad pynta sig, jeg vildi einna helzt ad væri í honum gott Saxoni þad er ætíð fallegt og þó nokkud ódýrt, ef þú sendir efnid ósaumad (uppá sparsemi sumsje) þá ætla eg ad bidja þig ad gjöra svo vel og senda mér til hans bædi Besætningsbönd og svartar Blonder einsog hafter á kjólum sem madur vill hafa vandada og þá (má) madur ekki glejma skidum því án þeirra fer ekkert fat vel; ef þú getur Addni minn þá þækti mér vænt um ad fá hattin og kjólinn svo sem med póstferdinni í September; því 27 November ætlum vid ad gánga til, ef vid lifum einsog vani er. þad var svo fallegt og nærgætnis legt einsog von var á af þér ad lofa mér ad hafa þessa peninga til